

Nr. 030 / 13 Ramóna ÍS 840**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 1148
Smíðaður: Fáskrúðsfirði 1971 Eik
Stærð: 25,01 brl. 25 bt.
Mesta lengd: 17,03 m Skráð lengd: 16,05 m
Breidd: 4,5 m Dýpt: 1,9 m
Vél: Caterpillar 240 kW 1987
Fjöldi skipverja: 1



Ramóna ©Fiskifréttir

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 13. desember 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirþrúði Alfreðsdóttur

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 22. apríl 2013 var Ramóna á siglingu í Norðfjarðarflóa. Veður: ANA gola.

Á siglingunni frá Fáskrúðsfirði til Seyðisfjarðar stöðvaðist vélin þegar siglt var yfir Norðfjarðarflóa. Þrátt fyrir ítarlegar tilraunir skipstjóra við að koma olíu að forsíum kom alltaf loft í þær en á meðan rak bátinn undan golunni að landi. Skipstjóri kallaði á strandstöð á rás 16 og óskaði eftir aðstoð og þegar um ein sjómíla var upp í Nípu kom flutningaslipið Green Ice og dró Ramónu ÍS frá ströndinni. Björgunarskipið Hafbjörg kom síðar og dró bátinn til Seyðisfjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að tveir olíutankar eru í síðum vélarúmsins. Affall frá spíssum var í bakborðstankinn og því ekki hægt að nýta eingöngu olíu af stjórnborðstank þar sem yfirfall var ekki á milli tankanna;
- að skipstjóri sagðist hafa fundið götótt rör á milli olíutanka og þar hafi loft komist inn á soggrein að olíusíum. Þetta rör hafi legið yfir kjalsogið og sennilega farið niður í austurinn öðru hvoru. Hann hafi ekki getað einangrað rörið með götunum frá soglögnum þar sem soglögn að tönkum var tengd í þessa sameiginlegu lögn;
- að skipstjóri sagðist hafa verið að sigla bátnum til viðgerða á Seyðisfirði. Hann hafi haft grun um lélegt ástand rörsins sem bilaði og meðal annars hafi átt að endurnýja það. Einnig átti að fara í heild sinni yfir hempingu bolsins en hún hafði reynst léleg á bóg (sjá mál 012/13).

Nefndarálit:

Orsök bilunar var skortur á viðhaldi.